

180. þingflokksfundur, mánudaginn 19. september 2016 kl. 15.

Fundinn sitja: Ásta, Birgitta, Helgi Hrafn og Guðjón.

Berglind ritar fundargerð.

1. Fundargerðir

Fundargerðir 178. og 179. þingflokksfunda voru samþykktar.

2. Dagskráin í dag

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag og verkum skipt.

3. Óundurbúin/störf þingsins

Birgitta hyggst spyrja fjármála- og efnahagsráðherra um lífeyrissjóðakerfið í óundirbúnum fyrirspurnartíma.

4. Bréf af fundum þingflokksformanna og forsætisnefndar

Birgitta greindi frá fundi þingflokksformanna og fór yfir drög að dagskrá vikunnar. Helgi Hrafn gerði grein fyrir fundi forsætisnefndar.

5. Bréf af nefndafundum

Helgi greindi frá stöðu mála í velferðarnefnd þar sem frumvarp um almannatryggingar er til umfjöllunar. Almenn umræða var um málið.

Ásta greindi frá stöðu mála varðandi LÍN frumvarpið í allsherjar- og menntamálanefnd. Birgitta greindi frá stöðu mála í efnahags- og viðskiptanefnd, m.a. um frumvarp um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Birgitta gerði jafnframt grein fyrir stöðu mála í stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd.

6. Opinn hádegisfundur 6. október með fulltrúum stjórnmalaflokkanna um höfundarrétt

Ákveðið var að Ásta fari á fundinn fyrir hönd þingflokksins. Guðjón hefur samband við viðkomandi.

7. Fundur oddvita

Ákveðið var að Ásta fari á fund með oddvitum í Ráðhúsi Reykjavíkur á morgun.

8. Önnur mál

Ekkert var rætt undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 15.55.